

AUGLÝSING

um innlausnarverð skyldusparnaðarskírteina gjaldársins 1975.

Skyldusparnaður skv. VII. kafla laga nr. 11, frá 28. apríl 1975 er innleysanlegur frá og með 1. febrúar 1978. Miðað við þann dag er innlausnarverð hvers þúsunds af nafnverði skyldusparnaðarskírteina sem hér segir:

1. Hafi skyldusparnaður gjaldársins 1975 verið að fullu greiddur fyrir 1. janúar 1976 er innlausnarverð kr. 1857.
2. Hafi skyldusparnaður ekki verið að fullu greiddur fyrir 1. janúar 1976 en hafi greiðslu hans þó verið lokið fyrir 1. júlí 1976 reiknast vextir frá lokagreiðsludegi en verðbætur að fullu.
3. Hafi skyldusparnaður ekki verið greiddur að fullu fyrr en eftir 1. júlí 1976 reiknast vextir frá lokagreiðsludegi en verðbætur frá 1. nóvember það ár er greiðsla hans fer fram.

Athygli er vakin á því, að heimilt er að láta innstæður standa inni til 15. desember 1990 og reiknast vextir og verðbætur fyrir þann tíma. Að öðru leyti vísast til ákvæða í VII. kafla laga nr. 11 1975 og reglugerðar nr. 544 frá 22. desember 1975.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.